

Skipulagsstofnun
Ómar Ingbórsson,
landslagsarkitekt
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. febrúar 2018

2018010139/42-2

TB

tb

Laxeldi í Eyjafirði, 20.000 tonn, tillaga að matsáætlun

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 24. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun fyrir allt að 20.000 tonna laxeldi/framleiðslu í lokuðum sjókvíum í Eyjafirði.

Náttúrufræðistofnun telur að í framangreindri tillögu að matsáætlun komi fram hvaða þætti náttúru og umhverfis þarf að fjalla um og meta áhrif á. Í matsáætluninni er þó aðeins gert ráð fyrir að nota einn ákveðinn stofn laxfiska, norskan kynbættan stofn, en Náttúrufræðistofnun telur að gera eigi grein fyrir kostum og göllum þess að nota aðra stofna sérstaklega m.t.t. erfðablöndunar. Náttúrufræðistofnun telur að burðarþolsmat eigi að vera hluti af frummatsskýrslu. Í matsáætluninni í kafla 5 er fjallað um rannsóknir og fyrirbyggjandi gögn, hvar núverandi þekking er talin nægja og hvað fyrirhugað er að rannsaka frekar. Á þessu stigi er ómögulegt að segja til um hvort gæði fyrirbyggjandi rannsókna séu nægjanleg eða ekki. Til þess þyrfti að taka gögnin saman og setja í samhengi við fyrirhugað eldi en það er hlutverk framkvæmdaraðila við gerð frummatsskýrslu. Að mati Náttúrufræðistofnunar ber töluvert á því að ákveðið sé fyrirfram í matsáætluninni að nægjanleg gögn séu fyrir hendi, á þetta t.d. við um laxastofna, fugla og sjávarspendýr.

Í inngangi að matsáætluninni segir: „Meginmarkmið er að framleiðslan verði sjálfbær og því verður framleiðsluaukning stigvaxandi samhliða umhverfisvöktun.“ Í frummatsskýrslu þarf að skýra út og rökstyðja bæði hvað framkvæmdaraðili telur að felist í því að framleiðslan sé sjálfbær og hvernig sjálfbærni er náð. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf slíkur rökstuðningur m.a. að taka tillit til 1. og 2. gr. laga um náttúruvernd og einnig II kafla laganna um þær meginreglur sem eiga við. Þetta þarf sérstaklega að skoða með tilliti til ólíkra þátta eins og hugsanlegrar erfðablöndunar, uppruna og samsetningu fóðurs, mengunar og samlegðaráhrifa.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson

forstöðumaður Vistfræði- og ráðgjafadeildar

